

# TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF. - AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 16.00  
í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) í síðasta lagi 4. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – [tm.is/fjarfestar](http://tm.is/fjarfestar). Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 13. mars 2019, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til tilnefningarnefndar félagsins skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins ([www.tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar)). Í tilkynningunni

skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins. Útfyllt og undirrituð framboðstilkynning skal hafa borist tilnefningarnefnd á skrifstofu félagsins eða með tölvuskeyti á netfangið [tilnefningarnefnd@tm.is](mailto:tilnefningarnefnd@tm.is) fyrir lok framboðsfrests.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að fráfarandi stjórn verði endurkjörin, en hana skipa í aðalstjórn Andri Þór Guðmundsson, Einar Örn Ólafsson, Kristín Friðgeirsdóttir, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir og Örvur Kærnedsted og í varastjórn Bjarki Már Baxter og Bryndis Hrafnkelsdóttir.

Dagskrá aðalfundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, þ. á m. rökstudd tillaga tilnefningarnefndar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins ([www.tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar)). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**